


# SANDGERÐIS SKÓLI

2019 - 2022



## Endurmenntunar- áætlun

*Grunnskólinn í Sandgerði/Sandgerðisskóli*



Hverjum skóla er skylt að gera símenntunaráætlun með þátttöku allra starfsmanna - að allir fái tækifæri til að eflast í starfi og styrkja fagvitund sína



Símenntun fer fram á fundum starfsfólks sem og á sérstökum námskeiðum sem haldin eru á skipulagsdögum ýmist fyrir alla starfsmenn eða minni hópa innan starfsmannahópsins.



### Markmið

- Að starfsmenn fái tækifæri til að taka þátt í símenntun sem eflir þá í lífi og starfi
- Að styrkja tengsl innan starfsmannahópsins og mynda lærdómssamfélag
- Að þróa starf skólans og innleiða vinnubrögð og viðhorf í takt við Lög um grunnskóla, Aðalnámskrá grunnskóla og áherslur skólans

## Áhugahvöt og styrkleikar

Í árlegum starfsmanna-viðtölum og starfsmanna-könnun er þörf og áhugi starfsmanna fyrir símenntun könnuð og rædd. Niðurstöður þess

eru nýttar til undirbúnings nýs skólaárs. Í upphafi skólaárs eru haldin námskeið fyrir starfsmenn. Viðfangsefni þess er valið með tilliti til

þeirrar megináherslu sem lögð er í símenntun hvers skólaárs. Oft er um að ræða innleiðingu á nýjum vinnubrögðum eða upphaf þróunarvinnu. Ef um þróunarvinnu er að ræða er henni fylgt eftir með reglulegri vinnu á fundartímum yfir skólaárið. Þar að auki eru fræðslufundir og minni námskeið yfir skólaárið.

Sandgerðisskóli er teymiskennsluskólur í þar sem kennarar og stuðningsfulltrúar vinna saman í teyðum með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Allir sem koma að námi nemenda hafa í huga velferð þeirra og styrkleika og vinna eftir einkunnarorðum skólans sem eru; vöxtur, virðing, vilji og vinátta.

„Að þora að hætta að gera það sem skilar árangri til að gera það sem skilar enn betri árangri“ (Birna María B. Svanbjörnsdóttir)



„Öflugt lærdómssamfélag er talið grundvallarþáttur í að styrkja hæfileika skóla til skólaþróunar og umbóta“ (Anna Kristín Sigurðardóttir)

# Áherslur og áætlun

Til að mynda lærdómssamfélag þar sem allir læra er mikilvægt að horfa til starfsmannahópsins í heild og vinna út frá styrkleikum og áhugasviði. Það skilar sér í nemendahópin og saman lærum við öll af lífi og sál. Auður hvers vinnustaðar liggur í þekkingu, reynslu, áhuga, viðhorfi og sýn starfsfólks og þannig á sér stað nýsköpun og skólaþróun.

Endurmenntun fer fram innan og utan veggja skólans innan þess ramma sem fjárhagsáætlun setur. Hver og einn hefur yfir að ráða endurmenntunarstyrk síns félags og mikilvægt að hann sé nýttur ár hvert. Endurmenntun getur falist í fyrirlestrum og/eða námskeiðum fyrir vissa hópa eða alla

Skólastefnu Sandgerðisskóla í heild er að finna á [www.sandgerdisskoli.is](http://www.sandgerdisskoli.is). Í starfsmannahluta hennar er lögð áhersla á:

- Menntun við hæfi
- Gæði og árangur í starfi
- Endurmenntun sem nýtist í starfi
- Fagleg vinnubrögð
- Samskipti sem einkennast af virðingu og jákvæðni
- Gott starfsumhverfi og góðan starfsanda


## Áætlun fyrir skólaárið 2019-20

- Byrjendalæsi – mánaðarlegar smiðjur á yngsta stigi
- Verkfærakistan – námskeið og vinna í bekkjum
- Hugarfrelsi – haustnámskeið og vinna í bekkjum



saman. Ýmist frá stefnuskrá sveitarfélagsins eða stefnu skólans sem og áhersluatriðum hvers skólaárs eða séróskum starfsfólks.

„Lærdómssamfélag er hópur fólks sem deilir sameiginlegum áhuga og sýn á nám, vinnur saman, styður hvert annað og leitar sameiginlegra leiða til að greina starfshætti sína, bæta þá og innleiða nýja sem geta stuðlað að betri árangri nemenda. Í því tilliti er leitað fanga innan og utan skólans. Í árangursríku lærdómssamfélagi ríkir menning sem hvetur og viðheldur stöðugu námi meðal starfsfólks skólans í þeim sameiginlega tilgangi að styrkja nám nemendanna.“ (Stoll, Bolam, McMahon, Thomas, Wallace og Greenwood)



- Uppeldi til ábyrgðar
- Læsi á mið- og unglíngastigi – 4 smiðjur á vorönn
- Bekkjjarfundir - haustnámskeið
- Fræðsla á vegum Fræðsluskrifstofu Reykjaness – á þriðjudögum í vetur

Áherslan er ætíð á nám nemenda. Mikilvægt er að mynda heildræna sýn á markmið og leiðir út frá sameiginlegum gildum og væntingum. Reglulega þarf að rýna í og greina starfið, horfa til nýsköpunar og skuldbinda sig til að leggja sitt af mörkum til stöðugar þróunar og eflingar. Starfsþróun og endurmenntun eru ekki afmarkaðir þættir og lýkur aldrei - svo lengi lærir sem lifir.

